



**238. fundur framkvæmdastjórnar ÍSí var haldinn í fundarsal framkvæmdastjórnar ÍSí, Íþróttamiðstöðinni í Laugardal, fimmtudaginn 26. nóvember 2015 kl. 16:00.**

**Mættir: Lárus L. Blöndal forseti, Helga Steinunn Guðmundsdóttir varaforseti, Gunnar Bragason gjaldkeri, Örn Andrésson, Hafsteinn Pálsson, Ingi Þór Ágústsson, Gunnlaugur Júlíusson, Ingibjörg Bergrós Jóhannsdóttir, Guðmundur Ágúst Ingvarsson, Þórey Edda Elísdóttir 1. varamaður, Lilja Sigurðardóttir 2. varamaður og Halla Kjartansdóttir skrifstofustjóri.**

**Forföll boðuðu: Sigríður Jónsdóttir ritari og Garðar Svansson.**

**Fjarverandi: Jón Finnbogason 3. varamaður.**

**Þetta gerðist:**

**Dagskrá:**

**1. Ólympísk málefni**

Örn Andrésson fór yfir það helsta í undirbúningi ólympískra verkefna.

*Lillehammer 2016*

Undirbúningur fyrir Vetrarólympíuleika ungmenna í Lillehammer 2016 gengur vel.

*Río 2016*

Undirbúningur fyrir Sumarólympíuleikana í Río 2016 er á áætlun.

**2. Fagsvið ÍSí – stutt yfirlit**

Örn Andrésson fór yfir helstu verkefni á Afreks- og Ólympíusviði ÍSí. Verið er að skoða erindi IOC varðandi World Games og þátttöku íslenskra íþróttamanna í þeim leikum í gegnum tíðina.

Hafsteinn Pálsson sagði frá því helsta á Almenningsíþróttasviði ÍSí.

Lögð fram tillaga um að skipa Hermann Sigtryggsson, Ástbjörgu Gunnarsdóttur, Kolbein Pálsson, Margréti Jónsdóttur og Pál Ólafsson í nefnd ÍSí um íþróttir +60. Tillagan samþykkt. Framundan er stefnumótunarvinna varðandi hlutverk þessarar nefndar.

Ingi Þór Ágústsson sagði frá því helsta úr starfi Þróunar- og fræðslusviðs ÍSí.

Rætt um veitingu þjálfarastyrkja og þá sérstaklega umsóknir landsliðsþjálfara.

Samþykkt að vísa til Afrekssjóðs ÍSí að skoða hvort að mögulegt sé að nýta fjármagn úr Afrekssjóði ÍSí í þjálfarastyrki til landsliðsþjálfara. Sér sambönd ÍSí yrðu þá umsóknaraðili slíkra styrkja.

Ingi Þór skýrði frá umræðum sviðsins um tilnefningar til IOC Trophy 2015. Lagt er til að Fimleikasamband Íslands verði tilnefnt vegna þess uppbyggingarstarfs sem átt hefur sér stað í sambandinu og hversu vel þeim hefur tekist að halda fimleikaiðkendum lengur í íþróttinni með öflugu hóp fimleikastarfi. Samþykkt að skrifstofa ÍSí undirbúi tilnefningu til IOC vegna þessa.

Gunnar Bragason gjaldkeri skýrði frá því að fyrir liggja niðurstaða reksturs ÍSí síðustu 10 mánuði. Þetta rekstrarár hefur verið þungt fyrir ÍSí, ekki síst vegna Smáþjóðaleikanna sem

haldnir voru hér í júní síðastliðnum. Mögulega þarf að draga saman seglin í fagsviðum ÍSí á næsta ári til að mæta þrengri fjárhag.

### **3. Formannafundur 2015**

Formannafundur ÍSí hefst kl. 16 á morgun, 27. nóvember. Boðið verður upp á kvöldverð í Café Easy fyrir fundarmenn eftir fund. Óformlegur fundur íþróttahéraða verður haldinn sama dag kl. 13:00.

### **4. Afreksemiðstöð**

Framkvæmdastjórn ÍSí samþykkti að stofna formlega Afrekisíþróttamiðstöð ÍSí og voru eftirtaldir skipaðir í bráðabirgðastjórn miðstöðvarinnar:

Líney Rut Halldórsdóttir formaður, Sigríður Jónsdóttir varaformaður, Helga Steinunn Guðmundsdóttir, Gunnar Bragason og Frímenn Ari Ferdinandsson.

Fyrsta verkefni Afrekisíþróttamiðstöðvar ÍSí er smíði á gagnagrunni þar sem niðurstöður úr mælingum á íþróttafólki er safnað saman á einn stað. Gögn í gagnagrunninum verða svo notuð annarsvegar til að halda utan um niðurstöður mælinga fyrir íþróttafólk og einnig til frekari úrvinnslu í rannsóknum.

Afrekisíþróttamiðstöð ÍSí skal starfa í nánú samstarfi við Afreks- og Ólympíusvið ÍSí og Afrekssjóð ÍSí.

Íþrótt- og Ólympíusamband Íslands mun sjá um kostun á gerð og hýsingu gagnagrunnsins. Síðar verður skipað í fagrað Afrekisíþróttamiðstöðvar ÍSí. Fagraðið mun m.a. hafa umsjón með hvaða mælingar verða gerðar og staðlar þar að lútandi. Einnig mun fagraðið sjá um að samþykkja rannsóknaraðila.

### **5. Reglur Afrekssjóðs ÍSí**

Guðmundur Ágúst Ingvarsson fór í gegnum tillögur að breytingum á Reglugerð ÍSí um Afrekssjóð ÍSí. Líney Rut Halldórsdóttir framkvæmdastjóri fór í gegnum ábendingar frá laganevnd ÍSí. Reglugerð ÍSí um Afrekssjóð ÍSí samþykkt með áorðnum breytingum.

### **6. Norræna skólaíþróttanefndin**

Helga Steinunn skýrði frá fundi nefndarinnar sem haldinn var nýlega í Nyborg í Danmörku. Þar var samþykkt að setja nefndina á ís um óákveðinn tíma en halda samskiptum áfram í gegnum tölvupóst. Þó verður áfram greitt hóflegt árgjald til samtakanna. Eitthvað fé er til í sjóðum nefndarinnar og var samþykkt á fundinum að endurgreiða til þátttökulandanna það sem þau hafa lagt til starfsins undanfarin ár.

Verkefni nefndarinnar undir nafninu „Þrekaunir“ verður lagt af vegna ónógrar þátttöku.

### **7. Erindi ÍBR vegna Capoeira Mandinga**

Capoeira Mandinga félagið á Íslandi hefur óskað eftir því að gerast aðili að Íþróttabandalagi Reykjavíkur (ÍBR). Lagt fram erindi frá ÍBR þar sem óskað er eftir staðfestingu ÍSí á því hvort að Capoeira Mandinga sé viðurkennd íþrótt innan ÍSí.

Íþróttin er ekki viðurkennd af IOC og ekki innan systursambanda okkar á Norðurlöndum. Framkvæmdastjórn ÍSí staðfestir ekki Capoeira Mandinga sem íþrótt innan vébanda ÍSí að svo stöddu.

### **8. Heiðranir**

Engar tillögur að tilnefningum lágu fyrir fundinum.

## 9. Fundargerðir

Eftirfarandi fundargerðir lagðar fram og staðfestar:

- 237. fundur framkvæmdastjórnar
- 18. og 19. fundur framkvæmdaráðs ÍSÍ
- Afreks- og Ólympíusviðs ÍSÍ frá 24. nóvember 2015
- Þróunar- og fræðslusvið ÍSÍ frá 10. nóvember 2015
- 82. fundur Almenningsíþróttasviðs ÍSÍ
- Afrekssjóður ÍSÍ frá 11., 16., 18. og 20. nóvember 2015
- Laganefnd ÍSÍ frá 17. nóvember 2015
- Verkefnasjóður frá 26. nóvember 2015 – Tillögur Verkefnasjóðs ÍSÍ að styrkveitingum, sem fram koma í fundargerðinni, samþykktar.

## 10. Viðburðir framundan

Farið yfir helstu viðburði sem framundan eru og til lengri tíma litið.

## 11. Næstu fundir framkvæmdastjórnar ÍSÍ

Næsti fundur framkvæmdastjórnar ÍSÍ verður haldinn 10. Desember kl. 12:00. Boðið verður upp á jólamat í Café Easy.

## 12. Önnur mál

### *Endurskipan Bogfiminefndar ÍSÍ*

Bogfiminefnd ÍSÍ hefur óskað eftir því að endurskipað verði í nefndina þar sem nokkrir úr nefndinni hafa hætt störfum. Samþykkt að skipa eftirtalda í nefndina fram að Íþróttáþingi ÍSÍ 2017:

Margrét Einarsdóttir, formaður, Guðjón Einarsson, Guðmundur Örn Guðjónsson, Haraldur Gústafsson, Helga Kolbrún Magnúsdóttir, Hlynur Freyr Þorgeirsson, Indriði Ragnar Grétarsson, Sigurjón Atli Sigurðsson og Þorsteinn Halldórsson.

### *GSSE fundur*

Forseti skýrði frá óformlegum fundi GSSE í tengslum við aðalfund EOC í Prag fyrir skömmu. Þar var meðal annars rætt um þátttökuskráningu á Smáþjóðaleikum en 10% fækkun varð frá lokaskráningu (Final Entries by Number) sem er í marsmánuði og þar til þátttakendur skiluðu sér á leikana. Málið verður tekið upp á næsta aðalfundi GSSE. Þar verður væntanlega gerð sú breyting á lögum GSSE að þátttökufjöldi sem gefinn er upp við lokaskráningu í mars hafi í för með sér fjárhagslega skuldbindingu fyrir viðkomandi þjóðir. Erindi nokkurra smáþjóða, þar á meðal JSÍ, um fjölgun keppenda í júdó var einnig rætt á fundinum og verður tekið formlega fyrir á næsta aðalfundi.

### *Aðalfundur EOC*

Forseti skýrði frá því helsta sem fram kom á aðalfundi EOC sem haldinn var í Prag 20.-21. Nóvember sl. Helga Steinunn Guðmundsdóttir varaforseti flutti þar skýrslu frá Smáþjóðaleikunum 2015.

### *Smáþjóðaleikar 2015*

Nú er ljóst að tap Smáþjóðaleikanna 2015 verður tæplega 13 milljónir króna. Enn á þó eftir að fara fram innra uppgjör milli ÍSÍ og Smáþjóðaleika. Þar er helst um að ræða vinnuframlag fastra starfsmanna ÍSÍ.

Stærstur hluti tapsins helgast af því að færri komu til leikanna en skráðir voru í lokaskráningum þjóðanna eða svo seint að ekki var hægt að skila hótélherbergjum þegar ljóst var að um fækkun yrði að ræða. Færri þátttakendur þýddu að færri greiddu þáttökugjöld til leikanna en sá kostnaður sem búið var að stofna til fyrir þá þátttakendur með samningum við hótél, veitingarekstraraðila og rútufyrirtæki var óendurkræfur.

### *Starfsskýrslur ÍSÍ*

Halla Kjartansdóttir skrifstofustjóri skýrði frá helstu niðurstöðum úr starfsskýrslum ÍSÍ og greindi frá stöðu á keppnisbannslista ÍSÍ. Um 96% skil voru á skýrslum að þessu sinni.

Fleira var ekki gert og fundi slitið.

Halla Kjartansdóttir, fundarritari.